

Hagsæld og hamingja

Hvernig getur samfélagsgerð haft áhrif á hamingju íbúa?

Opið málþing

í Hátíðarsal Háskóla Íslands, á alþjóðlega hamingjudaginn, 20. mars 2013 kl. 14:00-16:00

Dagskrá:

Hrefna Guðmundsdóttir frá Hamingjuvísi býður gesti velkomna.

- 14:00 **Ávarp: Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur**
- 14:15 **Hvernig getur samfélag haft áhrif á hamingju íbúa?**
Dr. Ruut Veenhoven, forstöðumaður World Database of happiness
- 15:05 **Hamingja Íslendinga eftir efnahagshrun**
Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri hjá Embætti landlæknis
- 15:20 **Hamingja og stjórnmálaskoðanir**
Dr. Hulda Þórisdóttir, lektor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

Ragna Árnadóttir, formaður samráðsvettvangs um aukna hagsæld, mun bregðast við erindum og ræða hvernig hægt er að nota niðurstöður hamingjurannsókna til stefnumótunar í íslensku samfélagi til framtíðar.

Fundarstjóri er Páll Matthíasson, geðlæknir og forstjóri Landspítala-Háskólasjúkrahúss.

Dr Ruut Veenhoven hefur verið kallaður „guðfaðir hamingjurannsókna“.



Hann er heiðursprófessor við Erasmus University í Rotterdam og hefur fengið margar viðurkenningar fyrir rannsóknir sínar. Hann er stofnandi stærsta gagnabanka um mælingar á hamingju í heiminum ([The World database of happiness](#)) og stofnandi og fyrrum ritstjóri tímaritsins „The Journal of Happiness Studies“.

Hann hefur með rannsóknum sínum komist að því að umhverfi og samfélagsgerð skipta einna mestu máli til að sem flestir verði hamingjusamir. Hann hefur m.a. skoðað hvort munur sé á hamingju eftir samfélagsgerð sem einkennist af einstaklingshyggju annars vegar eða heildarhyggju hins vegar. Rannsóknir hans hafa sýnt að hamingjusamir lifa lengur, eru við betri heilsu, virkari þjóðfélagsþegnar, í betri hjónaböndum og eru síður frá vinnu vegna veikinda. Því er það þjóðfélagslega hagkvæmt að sem flestir séu hamingjusamir auk þess sem það hefur góð efnahagsleg áhrif á bæði atvinnulífið og hið opinbera.

Sameinuðu þjóðirnar hafa útnefnt 20. mars Alþjóðlega hamingjudaginn og eru jafnframt að skoða hvernig megi bæta mælikvarða um hamingju við aðrar mælingar til að meta heildræna framþróun þjóðríkja.



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Stofnun stjórnsýslufræða
og stjórnmála



Reykjavíkurborg



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

HAMINGJUVISIR

Landsvirkjun



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Icelandair Hotels

www.icelandairhotels.com



PEKKINGARMÍÐLUN